



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2022

2201051SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, 272. mál.

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeildur nr. 80/1938 (Félagsdómur). Er um að ræða frumvarp sem er endurflutt, sbr. áður 159. mál á 151. þingi.

Frumvarpið var samið í félagsmálaráðuneytinu af nefnd sem þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði. Þess ber að geta að sambandið átti fulltrúa í þeirri nefnd og kom þ.a.l. að samningu frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til breytt fyrirkomulag við tilhögun skipunar dómara í Félagsdóm en fyrirkomulagið hefur verið nánast óbreytt frá setningu laga um stéttarfélög og vinnudeilur árið 1938. Eru breytingarnar meðal annars lagðar til í því skyni að bregðast við athugasemdum ríkjahóps Evrópuráðsins (GRECO) gegn spillingu líkt og fjallað er um í frumvarpinu.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er frumvarpið vel unnið og nær að meginstefnu til þeirra markmiða sem að er stefnt. Sambandið hefur átt góða aðkomu að vinnslu þessa máls frá upphafi og tekið hefur verið tillit til sjónarmiða sambandsins

Að öllu framangreindu virtu mælir sambandið með því að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri